

Tölvupóstur frá Skattinum 26.10.2020

Vildi vekja athygli ykkar á því að samþykkt hefur verið á Alþingi [mál nr. 200, þskj. nr. 201](#) (ekki komið númer á lögin) ... sem heimilar Skattinum að afgreiða umsóknir um stuðning vegna hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti þótt umsóknarfrestur sé liðinn, enda séu önnur skilyrði [laga nr. 50/2020](#) uppfyllt.

Þetta getur þýtt að tekin verði til afgreislú ýmis mál sem ekki hefur verið hægt að gera þar sem umsóknarfrestur var liðinn. Dæmi um þetta eru mál þar sem umsækjendur fylltu einungis út umsókn vegna eins mánaðar en töldu sig vera að sækja um stuðning í þrjá mánuði. Fleira í þessum dúr hefur rekið á fjörunar undanfarna mánuði.

Gerir ráð fyrir því að margir ykkar félagsmanna hafi aðstoðað rekstraraðila við að sækja um greindan stuðning. Ef rekstraraðili hefur lent í vandræðum og “misst af lestinni” á fyrri tímabilum er nú hægt að fara inn í umsókn á sama hátt og áður, í gegnum þjónustusiðu á [skattur.is](#) – fylla út umsóknina eins og formið gerir ráð fyrir – undirrita með rafrænum skilríkjum og senda inn. Síðan verður umsókn tekin til afgreiðslu og ákvarðaður stuðningur ef við á.

Elín Alma Arthursdóttir

Sviðsstjóri/vararíkisskattstjóri / Director/Deputy Commissioner of Revenue and Customs

Álagningarsvið / Department of Tax Assessment